



Blikk hugbúnaðarþjónusta hf.

## Vefkökur

### Hvað eru vefkökur

Vefkökur eru litlar textaskrár sem eru vistaðar í tölvu eða snjalltæki þínu þegar þú heimsækir vefsíðu í fyrsta sinn. Vefkökur gera vefsíðunni kleift að safna upplýsingum um aðgerðir þínar á vefsíðunni þannig að næst þegar þú heimsækir vefsíðuna ber vefsíðan kennsl á tækið og aðgerðir þínar. Tæknin sem notuð er fyrir þessa sjálfkrafa gagnaöflun felst í notkun vefkaka (e. Cookies).

### Nánar um vefkökur

Sumar vefkökur eru nauðsynlegar til þess að vefsíðan virki eðlilega og virkjast þær sjálfkrafa þegar þú heimsækir vefsíðuna. Dæmi um nauðsynlegar vefkökur eru tölfræðikökur og virknikökur sem virkja eiginleika vefsvæðisins sem eru forsenda fyrir notkun svæðisins og byggjast þar með á lögmætum hagsmunum Blikk. Þær eru oftast vefkökur frá fyrsta aðila (e. First-Party Cookies), þ.e. þær koma frá sama léni og vefsíðan sem þú heimsækir [www.blikk.tech](http://www.blikk.tech)

Vefkökur frá fyrsta aðila geta þó verið fleiri en þær sem nauðsynlegar eru. Þær eru notaðar í þeim tilgangi að auðvelda þér innskráningu á notendavef Blikk og bæta upplifun og notkun þína á öllu því sem er í boði á síðunni. Þær eru engu að síður mikilvægar þó þær séu ekki forsenda fyrir notkun svæðisins en þær gera þér kleift

að komast á milli síðna á auðveldari hátt og muna þær stillingar sem þú valdir þegar þú heimsóttir síðuna síðast.

Vefkökur frá þriðja aðila (e. Third-Party Cookies) koma frá öðrum lénum sem Blikk kaupir þjónustu af, t.d. greiningar- og auglýsingakökur. Þriðji aðili getur þá einnig borið kennsl á tækið þitt þegar þú heimsækir vefsíðuna. Þær eru notaðar í þeim tilgangi að skilja enn betur hvernig vefsíðan er notuð og t.a.m. hversu áhrifaríkar markaðsherferðir okkar eru. Þær hjálpa Blikk við að bæta upplifun þína enn frekar og sníða markaðsefni og auglýsingar að ákveðnum markhópum.

## **Meðferð Blikk á vefkökum og persónuupplýsingum**

Blikk notar vefkökur á vefsvæði sínu með þjónustu Google Analytics, Clearbit og Clarity. Þú getur ávallt farið í stillingar á vefkökum á vefsíðunni og valið og hafnað vefkökum sem eru ekki nauðsynlegar.

Blikk tryggir að allar persónuupplýsingar sem kunna að verða til við notkun á vefkökum verða meðhöndlaðar og unnar með í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og persónuverndarstefnu félagsins.

Fjarskiptastofa hefur eftirlit með nýtingu vefkaka og hvort heimild sé til staðar fyrir notkun þeirra samkvæmt lögum nr. 70/2022 um fjarskipti.